

Skólaráðsfundur 4. desember 2012

Mættir: Drífa, Blær, Halldór, María Helen, Guðrún Soffía, María Á., Jóhanna, Ísak, María fundarritari.

Guðrún Soffía fór yfir starfsáætlun skólans 2012 – 2013. Starfsáætlunin verður sett á heimasiðu skólans. Umræður voru um starfsáætlunina. Starfsáætlunin var samþykkt að skólaráði.

Fundartími skólaráðs var ræddur og ákveðið að breyta honum í mánudaga kl. 8:10. Fundir verða 4. febrúar, 8. apríl og 3. júní.

Framkvæmdir við skólann voru ræddar. Það vantar handrið við tröppur við nýja svæðið. Aðili frá Kópavogsbæ kom hingað og fór yfir svæðið og hvar hættur væru á skólalóðinni. Öll lóðin er eftir löglegum stöðlum. Fyrirhugað er að girða hjá neðra bílastæði og að fótvoltavelli. Rætt var um girðingar fyrir ofan göngustíg en það er í deiliskipulagi en ekki á fjárhagsáætlun. Einnig var rætt um lýsingu við skólann og við umferðargötu sem liggur að skólanum en hún er frekar lítil. Aukafjármagn verður veitt á næsta ári til framkvæmda og viðgerða á skólanum.

Önnur mál:

Fyrirspurn kom hvort rætt hefði verið um að skólinn byrjaði klukkan 9 á veturna. Þetta hefur verið prófað í einhverjum skólum í Kópavogi en ekki gengið upp. Hugmynd kom fram um að gera könnun á heimsíðu skólans um viðhorf foreldra til þessa.

Fyrirspurn um hvort hægt er að hafa fríkaðan dag t.d. ljótuhárgreiðsludag, rauðan dag eða annað slíkt. Vatnsendaskóli hefur verið með svona daga og heldur því áfram.

Fyrirspurn um Foreldrafélagið. Einn skólaráðsaðili hafði fengið fyrirspurn um hvort það væri starfandi eða ekki.

Fundi slitið kl. 17:00